

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Matthías Imsland	Fundur nr. :	
Fundarritari: Matthías Imsland	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI)	Dagsetning:	21.2.2024
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2	<u>Landsliðsmál</u> Anna Ívarsdóttir mætti á fundinn og fór yfir æfingadagskrá landsliðsins og aðferðafræði í þjálfun. Mikið er lagt í þjálfun og standa vonir til að landsliðsmenn bæti sig töluvert fram að Evrópumóti. Að lokinni kynningu vék Anna af fundi. Rætt almennt um landsliðsmál og einkum með hvaða hætti sé hægt að fjármagna stór landsliðsverkefni.
3	<u>Reykjavík Rapyd Bridgefestival</u> Mikil ánægja með mótið sem gekk vel. Upp komu hnökrar sem voru leystir vel. Það þarf fyrir næsta ár að virka Bridgehátíðarnefnd þannig að hver hafi afmarkað verkefni.
4	<u>World Bridge Tour</u> World Bridge Tour gekk vel, búnaðurinn þeirra kom of seint og varð því BSI að stiga inn sem gekk mjög vel. Samtal er hafið um hvort mótið verður aftur á næsta ári.
5	<u>Mót framundan</u> Á næstunni er Íslandsmót í tvímenning, en skráning á mótið hefur valdið vonbrigðum. Íslandsmót kvenna í sveitakeppni er 9-10.mars og síðan er Íslandsmót í Sveitakeppni 22-24.mars. Rætt um að stjórnarmenn ætli að skrá sveit sem fyrst og ýta í fólk að skrá sveit tímalega.
6	<u>Búnaður/tölvumál</u> Serverinn er nánast ónýtur og því höfum við flutt allt í skýið og stefnan að taka niður serverinn á næstu dögum. Stefnt er að því að kaupa aðra gjafavél í sumar en nokkur Bridgefélög munu hjálpa til við fjármögnun. Einnig þarf að kaupa fleiri Bridgemade tölvur. Mikið er framundan varðandi kerfi og heimasíðu. Allar stærri breytingar eru kostnaðarsamar svo að við þurfum að aðlaga okkur að því.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
7	<p data-bbox="336 264 469 293"><u>Reksturinn</u></p> <p data-bbox="336 309 1350 450">Reksturinn gengur samkvæmt áætlun sem var samþykkt í stjórn. Búið er að gera upp nánast allt frá Reykjavík Rapyd Bridgefestival. Búið er að borga hótél og hluta af flugmiðum fyrir Evrópumót. Það var keypt uppþvottavél en gamla var orðin mjög illa farin.</p> <p data-bbox="336 465 1382 600">Það eru ekki neinar langtímaskuldir en skammtímaskuldir eru um 1.5 milljón og inneign í banka er rúmlega 500.þúsund. Cashflow verður erfitt fram yfir Evrópumót. Staða Sambandsins er sterk með skuldlausu fasteign. En það þarf að halda áfram að finna styrktaraðila sérstaklega í landsliðsverkefni.</p>
8	<p data-bbox="336 629 469 658"><u>Önnur mál</u></p> <p data-bbox="336 674 453 703">Voru ekki</p>